

2203. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 22. febrúar 2018 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Gísli Gíslason, Magnús Gylfason, Borghildur Sigurðardóttir, Ingi Sigurðsson, Valgeir Sigurðsson og Vignir Már Þormóðsson.

Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Kristinn Jakobsson og Ragnhildur Skúladóttir.

Þetta var gjört:

1. Formaður KSÍ bauð nýja stjórnarmenn velkomna, þá Inga Sigurðsson og Valgeir Sigurðsson.
2. Ragnar Guðgeirsson frá Expectus kynnti stöðuna í stefnumótunarvinnu sambandsins, sem felst m.a. í framtíðarsýn sambandsins til 2022. Næstu skref er að fara yfir texta og lýsingar og verður verkefnið síðan lagt til afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.
3. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
4. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar.
 - Dómaranefnd KSÍ, 15. janúar 2018.

Þá samþykkt stjórn að birta fundargerðir nefnda með fundargerðum stjórnar.

5. Ársþing KSÍ
 - Þinggerð 2018 var lögð fram til kynningar.
 - Reglugerðarbreytingum vegna samþykktar ársþings á þingskjali 8 (fjölgun liða í 3. deild karla) var frestað.
 - Rætt um var þingsályktunartillögu um skosku leiðina sem var samþykkt á síðasta ársþingi. Formanni falið að koma ályktuninni á framfæri (til dæmis við ÍSÍ, fjarlaganefnd, samgönguráðherra) og fylgja henni eftir. Í framhaldinu var rætt um stöðuna á samningi ÍSÍ og Air Iceland connect. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá ÍSÍ eru samningaviðræður á lokastigi.
6. Leyfiskerfi KSÍ
 - Reglugerðarbreytingum vegna leyfiskerfis KSÍ var frestað.
7. Embættismenn stjórnar og nefndarskipan
 - Tillaga Guðna Bergssonar formanns um að skipa Guðrúnu Inga Sívertsen varaformann, Borghildi Sigurðardóttur gjaldkera og Magnús Gylfason ritara samþykkt.
 - Rætt um skipan nefnda en afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.
 - Rætt um starfshóp um veðmál og hagræðingu úrslita. Mikil forvinna hefur átt sér stað en rétt þykir að Laga-og leikreglanefnd komi að næstu skrefum, þ.e. komi málinu í lögfræðilegan farveg og undirbúi nauðsynlegar reglugerðarbreytingar.
8. Mannvirkjasjóður
 - Auglýst verður eftir umsóknum í sjóðinn á morgun. Til úthlutunar er 50 milljónir samkvæmt fjárhagsáætlun og verður úthlutunin í samræmi við það.
 - Stjórn sammála um að nauðsynlegt sé að endurskoða reglugerðina, eftir að núgildandi reglugerð rennur út 2019, m.a. með tilliti til eignarhalds mannvirkja, endurtekinnna úthlutana osfrv.

- Rætt um endurgreiðslu VSK og mikilvægi þess að vinna áfram í málinu.
- Rætt um greiðslur frá Ríkinu og sveitarfélögunum til íþróttamála.

9. Samkeppniseftirlitið

- Farið yfir sátt KSÍ og Samkeppniseftirlitsins vegna birtingar miðaverðs í Pepsi-deild karla. Stjórnarfolk undirritaði yfirlýsingu um málið.

10. Málefni Laugardalsvallar

- Guðni Bergsson formaður KSÍ upplýsti stjórn um stöðu mála varðandi Laugardalsvöll. Eins og fram kom í síðustu fundargerð fundar starfshópur um völlinn vikulega til 1. apríl en þá á hann að skila af sér niðurstöðum. Verktakar á vegum starfshópsins eru í greiningarvinnu á ýmsum þáttum.

11. Dómaramál

- Borghildur Sigurðardóttir og Gísli Gíslason greindu frá samningaviðræðum við Félag deildadómara. M.a. var rætt um skilyrðisbundnar fastlaunagreiðslur og leikjatengdar greiðslur til dómara. Rætt um heildarkostnað sambandsins við dómaramál og kostnaðarhlutdeild aðildarfélaga. Stjórn sammála að nauðsynlegt sé að bæta starfsumhverfi dómara og greina launahækkanir dómara á milli ára. Stjórn var ennfremur sammála um að Borghildur og Gísli haldi áfram að leiða málið.

12. Málefni landsliða

- A landslið kvenna fer til Algarve á sunnudaginn og leikur þar 4 leiki.
- U21 karla leikur tvo leiki í mars, gegn Írlandi og N-Írlandi.
- A landslið karla fer til Bandaríkjanna í lok mars og leikur gegn Mexíco og Perú. Ferðin er generalprufa fyrir HM í Rússlandi.

13. Mótamál

- Áætlað var að leika i Meistarakeppni KSÍ (kvenna) 29. apríl í Boganum á Akureyri en í ljós kom að húsið var tvíbókað. Verið er að vinna í því að finna nýjan leikstað fyrir leikinn.
- Meistarakeppni KSÍ (karla) fer fram 19. apríl á Valsvelli.
- Rætt um félagskiptagluggann og upphaf Lengjubikarsins. Undanfarin ár hefur Lengjubikarinn verið að færast framar á tímabilið en félagaskiptaglugginn staðið í stað sem hefur áhrif á hlutgengi þeirra leikmanna sem þurfa að hafa félagskipti í gegnum TMS félagaskiptakerfi FIFA í fyrstu umferðum. Þetta er ekki nýtt vandamál en skoða þarf málið frá öllum sjónarhornum og tímanlega ef sækja á að breytingar á félagaskiptaglugganum til FIFA.
- Niðurröðun í yngri flokkum stendur yfir.
- Óvenjulegar fáar athugasemdir bárust við niðurröðun í landsdeildum.
- Rætt um frestanir í yngri flokkum sem er viðvarandi vandamál.

14. Önnur mál

- Tekið fyrir erindi frá ÍTF dagsett 30. janúar 2018, varðandi m.a. samstarfssamninga KSÍ, hlut aðildarfélaga í HM greiðslum og markaðssetningu Pepsi deildar karla og Inkasso deildar karla. Samþykkt að skoða málið heilstætt og ræða við ÍTF á næsta samráðsfundi. Guðni Bergsson formaður KSÍ tók að sér að leiða málið fyrir KSÍ.
- Ingi Sigurðsson spurði um erlend markaðstækifæri í tengslum við HM. Formaður KSÍ upplýsti að þau mál væri í góðum farvegi með erlendum samstarfsaðilum.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 19:45.